

Sjálfseignarstofnunin
HANDVERK OG HÖNNUN

Ársskýrsla

2011

Leiðarljós allrar starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru þau markmið sem sett voru á stofnfundi í janúar 2007. Þau eru eftirfarandi:

- Að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.
- Að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.
- Að koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.
- Að halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.
- Að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður, Birta Flókadóttir, varaformaður, Ólöf Nordal, Signý Ormarsdóttir og Halla Bogadóttir, meðstjórnendur.

Varamenn eru Árni Snæbjörnsson og Þórey S. Jónsdóttir.

Fastir starfsmenn eru Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Fjóla Guðmundsdóttir sérfræðingur. Þær eru báðar í 100 % starfi. Um færslu á bókhaldi sér Sveinbjörn Bjarnason bókari og Þorvaldur Þorvaldsson löggiltur endurskoðandi sér um endurskoðun. HANDVERK OG HÖNNUN er með skrifstofur í Aðalstræti 10.



Fjármagn

Það fjármagn sem HANDVERKI OG HÖNNUN var úthlutað af fjárlaganefnd í árslok 2010 til starfseminnar 2011 var 10.0 M. Þessi niðurstaða var mikið áfall fyrir starfsemina. Hér fyrir neðan má sjá þróun á framlagi til HANDVERKS OG HÖNNUNAR undanfarin ár.

2007	15.0 M	2 M Framleiðnisjóður landbúnaðarins	2007	17.0 M
2008	17.5 M	1 M Framleiðnisjóður landbúnaðarins	2008	18.5 M
2009	17.5 M	0	2009	17.5 M
2010	14.5 M	0	2010	14.5 M
2011	10.0 M	0	2011	10.0 M

Stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR fundaði strax í janúar um þessa niðurstöðu. Ákveðið var að grípa til ýmissa aðgerða og freista þess að ná tali af menntamálaráðherra og útskýra þessa alvarlegu stöðu sem stofnunin er í. Fundur fékkst með ráðherra 8. mars og þar var lagt fram erindi í tveimur liðum sem þurfti til þess að stofnunin gæti starfað áfram:

- *Gera samning við mennta- og menningarmálaráðherra sem tryggir rekstarfé til lengri tíma t.d. til 4ja ára í senn 2012 - 2016. Í samningnum verði skilgreind ákveðin markmið og verkefni sem sjálfseignarstofnuninni beri að vinna að.*
- *Óskað er eftir því að mennta- og menningarmálaráðherra tryggi aukafjárveitingu af fjáráukalögum í haust, enda sé verkefnið nú þegar vistað undir ráðuneytinu, þó það hafi gerst fyrir tilstilli fjárlaganefndar.*

Svar ráðherra barst dagsett 14. mars. Þar kom fram að ráðuneytið gæti ekki gefið fyrirheit um aukafjárveitingu á fjáráukalögum 2011 en hins vegar ákvað ráðuneytið að veita stofnuninni 1.5 millj. kr. viðbótarstyrk. Þar að auki kom fram í svari ráðherra að ráðuneytið væri tilbúið til að ræða samning við HANDVERK OG HÖNNUN þegar fyrir lægi hver fjárveitingin yrði til ráðuneytisins á fjárlögum 2012. Ráðuneytið gæti ekki á þessu stigi skuldbundið sig fram í tímann. Að mati stjórnar voru þetta góðar fréttir og þarna kom fram mikilvæg yfirlýsing um eindregin vilja ráðherra til að gera samning við stofnunina.

Það hefur verið markmið stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR frá upphafi að hafa þátttökugjöld í hinum ýmsu verkefnum hófleg en vegna þröngrar fjárhagsstöðu síðustu ár hafa þau hækkað töluvert. Vegna þessarar þröngu stöðu þá voru öll þátttökugjöld hækkuð um 20% á árinu 2011. Fjárhagsáætlun ársins var einnig endurskoðuð og ljóst var að skera þurfti mikið niður. Nokkur verkefni var alveg hætt við vegna fjárskorts. Stjórn hefur ekki þegið laun frá 2009 og frá sama tíma var ferðsjóður lagður niður. Ferðasjóður úthlutaði um 94 styrkjum til einstaklinga á árunum 2000- 2009 og áætlað er að endurvekja sjóðinn þegar aðstæður breytast.

Stjórnarfundir

Haldnir voru fjórir formlegir stjórnarfundir á árinu 2011, þann 20. janúar, 17. mars, 15. september og 14. desember. Stjórnarformaður og stjórnarmenn eru þó í reglulegu sambandi við skrifstofuna utan þessara formlegu funda.

Ráðgjafafundir

Í stofnskrá HANDVERKS OG HÖNNUNAR er gert ráð fyrir ráðgjafahóp sem á að vera stjórn og starfsmönnum stuðningur við að skipuleggja framtíðarverkefni. Ráðgjafafundirnir hafa verið mikilvægur vettvangur sem tengir starfsfólk og stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR við grasrótina. Vegna fjárhagslegra aðstæðna var ekki haldinn ráðgjafafundur 2011. Það kostar talsvert að halda fundi af þessu tagi. Þess í stað var gerð umfangsmikil viðhorfakönnun. Spurningar voru sendar á rúmlega 900 einstaklinga og svör bárust frá 467 eða 52%. **(sjá fylgiskjal 1.)** Einnig var gerð viðhorfakönnun hjá þátttakendum í sýningunni í ráðhúsi Reykjavíkur. Það er ef til vill betri leið til að vera í virku sambandi við grasrótina að gera kannanir af þessu tagi heldur en að velja 12-20 einstaklinga í ráðgjafahóp.

Helstu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2011:

- Fréttabréf – 5-7 fréttabréf á mánuði.
- Ráðgjöf og fyrirlestrar. Ýmis samvinnuverkefni.
- Sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR
- Þemasýning í samvinnu við menningarmiðstöðina Gerðubergi.
- Sýningar á skörinni, átta sýningar.
- Stefnumót - Cultural Exchange Programme - India / Iceland 2010-2013
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, 3. - 7. nóvember 2011.
- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR viðhald og endurbætur.
- Þjónusta við gerð kynningaefnis.
- Útgáfa á erlendu fréttabréfi , mars / apríl 2011.
- Erlent samstarf

Fréttabréf

Fréttir eru sendar í tölvupósti yfirleitt 5-7 sinnum í mánuði til rúmlega þúsund manns.

Ráðgjöf og fræðsla

Eftirspurn um alls kyns ráðgjöf er töluverð hjá HANDVERKI OG HÖNNUN. Framkvæmdastjóri hefur farið víða um land með fyrirlestra og ráðgjöf. Mikill áhugi er víða á þróun í gerð minjagripa. HANDVERK OG HÖNNUN á nú eftir langt starf mikið myndefni og þar hefur einnig safnast mikil þekking. Eftirfarandi fundir voru haldnir á árinu 2011.

13. janúar 2011

Fundur í Reykjanesbæ að frumkvæði Bjarkar Guðjónsdóttur, menningarfulltrúa með öllum menningarfulltrúum á svæðinu (6 manns).

17. febrúar 2011

Opinn fundur í Reykjanesbæ DUUS húsum. Fyrirlestur Sunnevu Hafsteinsdóttur, fundurinn opinn öllum áhugafólki um handverk, hönnun og listiðnað. 60 manns mættu á fundinn.

9. mars 2011

Ráðgjafarviðtöl í Reykjanesbæ frá kl. 11.00 – 18.00

10. mars 2011

Ráðgjafarviðtöl í Reykjanesbæ frá kl. 10.00 – 17.00

31. mars 2011

Miðstöð símenntunar í Hafnafirði

Fyrirlestur Sunneva Hafsteinsdóttir, fundurinn hluti af námsefni fyrir atvinnulausa á vegum Vinnumálastofnunar.

1. apríl 2011

Miðstöð símenntunar í Hafnafirði

Fyrirlestur Sunneva Hafsteinsdóttir, fundurinn hluti af námsefni fyrir atvinnulausa á vegum Vinnumálastofnunar.

8. apríl 2011

Fundur í vestmannaeyjum af frumkvæði Atvinnuþróunarfélagsins í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð.

Hádegisfundur á veitingastað 12.00 – 13.00. Fyrirlestur Sunnevu Hafsteinsdóttur, fundurinn opinn öllum áhugafólki um handverk, hönnun og listiðnað. 54 mættu á fundinn

Vinnufundir frá kl. 14.00 – 17.00 í Fablab – 20 manns, leiðbeinendur voru: Sunneva Hafsteinsdóttir, Guðný Hafsteinsdóttir og Margrét Guðnadóttir

9. apríl 2011

Vinnufundir frá kl. 10.00 – 15.00 í Fablab – 20 manns, leiðbeinendur voru: Sunneva Hafsteinsdóttir, Guðný Hafsteinsdóttir og Margrét Guðnadóttir

13. apríl 2011

Fundur á Hótel Heklu frá 12.00 – 13.30 að frumkvæði atvinnuráðgjafa Suðurlands. Fyrirlestur Sunnevu Hafsteinsdóttur, fundurinn opinn öllum áhugafólki um handverk, hönnun og listiðnað. 46 mættu á fundinn.

29. apríl 2011

Fyrirlestur á ráðstefnu á Selfossi sem var skipulögð af Atvinnuþróunarfélagi Suðurland. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Suðurland hvorki meina né minna. Sunneva Hafsteinsdóttir var með fyrirlestur sem var kallaður : „Margt smátt gerir eitt stórt “ um tækifæri í skapandi greinum.

5. maí 2011

Ráðgjafarviðtöl á Flúðum frá kl. 11.30 – 14.00

5. maí 2011

Ráðgjafarviðtöl í Þorlákshöfn frá kl. 15.30 – 17.00

10. maí 2011

Opinn fundur í Þorlákshöfn með hópi fólks sem var að undirbúa opnun handverkshúss sumarið 2011.

Fyrirlestur Sunnevu Hafsteinsdóttur var um gæðamál og verðlagningu og staðsetningu á markaði. 20 manns mættu á fundinn.

1. júní 2011

Sögusetrið Hvolsvelli kl.20.00. Fyrirlestur Sunnevu Hafsteinsdóttur, fundurinn opinn öllum áhugafólki um handverk, hönnun og listiðnað. 25 manns mættu á fundinn.

2. júní 2011

Ráðgjafarviðtöl frá kl. 9.00 – 18.00 á Hvolsvelli og Hellu.

6. október 2011

Menningarmiðstöðinni Gerðubergi kl. 17.00. Fyrirlestur Sunnevu Hafsteinsdóttur, fundurinn opinn öllum áhugafólki um handverk, hönnun og listiðnað. 70 manns mættu á fundinn.

Sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2011

HANDVERK OG HÖNNUN hefur haldið fjölmargar sýningar undanfarin ár. Sýningarnar frá upphafi eru rúmlega sextíu og sýnendur/þátttakendur eru tæplega fimm hundruð, víðs vegar af landinu.

Sýningin LeikVerk

Samvinnuverkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR og Menningarmiðstöðvarinnar GERÐUBERGS

Menningarmiðstöðin Gerðuberg og HANDVERK OG HÖNNUN stóðu fyrir sýningunni *LeikVerk*. Allir hönnuðir, handverks- og listiðnaðarfólk gátu sótt um þátttöku. Leitað var eftir verkum úr fjölbreyttu hráefni á sýninguna. Verkin þurftu að vera **ný** og tengjast **leik** á einhvern hátt. Þátttakendur í sýningunni voru tuttugu og sex talsins. Verkin á sýningunni voru kraftmikil og frumleg. Sýningarstjóri var Anna Leoniak, arkitekt og vöruhönnuður. Sýningin LeikVerk var sett upp í tveimur sýningarrýmum á efri og neðri hæð Gerðubergs.



Sýnendur voru:

Agla Stefánsdóttir • Almar Alfreðsson • Anna Þóra Árnadóttir • Anna Þórunn Hauksdóttir • Aska - Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir • Bergrós Kjartansdóttir • Bergþóra Magnúsdóttir • baraDESIGN -Bjargey Ingólfssdóttir • Guðrún Halldórsdóttir • Halla Ásgeirsdóttir • Jolanta Ewa Decewicz • Kristbjörg Guðmundsdóttir • Kristín Þóra Guðbjartsdóttir • Margrét Guðnadóttir • Marý • Oddný E. Magnúsdóttir • Óðinn Bolli Björgvinsson • Ólöf Sæmundsdóttir • Páll Einarsson • Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir • Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir • Silja Ósk Þórðardóttir • Volki - Elísabet Jónsdóttir og Olga Hrafnisdóttir • Þóra Einarsdóttir • Þórdís Halla Sigmarsdóttir • Þórunn Elísabet Sveinsdóttir



Frá sýningunni LeikVerk



Anna Leoniak sýningarstjóri ásamt Sunnevu Hafsteinsdóttur og Fjólu Guðmundsdóttur hjá HANDVERKI OG HÖNNUN

Jólasýning 2011

Vegna þröngrar fjárhagsstöðu var hætt við að hafa jólasýningu 2011.

Jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR „Allir fá þá eitthvað fallegt...” hefur verið haldin á hverju ári frá 1999.

Sýningar á skörinni 2011

Á skörinni er lítill sýningarsalur í Aðalstræti 10. Skipulagðar voru 8 sýningar á skörinni frá 21. janúar til 31. desember 2011.

HULDUORKA II, 21. janúar til 15. febrúar, Gunnhildur Þórðardóttir

FORYNJUR OG FURÐUDÝR, 3. til 22. mars, Steinunn Bergsteinsdóttir

GIBBA GIBB, 24. mars til 12. apríl, Hulda Eðvaldsdóttir

VÆRDARVOÐ, 15. apríl til 24. maí, Hugrún Ívarsdóttir

RÓSÓTT OG KÖFLÓTT, 23. júní til 14. júlí, Ólöf Erla Bjarnadóttir

MESSA Á SKÖRINNI, 15. júlí til 16. ágúst, Guðrún Halldórsdóttir

FJALLASÝN, 18. ágúst til 14. október, Guðlaug Geirsdóttir

STJÖRNUR, 6. desember til 20 janúar 2012, Björg Juto



Rósótt og köflótt
Ólöf Erla Bjarnadóttir



Messa á Skörinni
Guðrún Halldórsdóttir



Gibba Gibb
Hulda Eðvaldsdóttir

Stefnumót - Cultural Exchange Programme - India / Iceland 2010-2013

Aðdragandi þessa verkefnis var alllangur en með bréfi dagsett 23. júní 2011 fól mennta – og menningarmálaráðuneytið HANDVERKI OG HÖNNUN að sjá um undirbúning og framkvæmd þessa indversk-íslenska samstarfsverkefnis. Verkefnið var byggt á tillögu sem HANDVERK OG HÖNNUN lagði fram á vordögum 2011. Indversk stjórnvöld ákváðu að senda til Íslands þrjá indverska listamenn. Með stuttum fyrirvara afboðaði einn þátttakandi komu sína. Þeir sem komu voru Laxmi Narayan Soni, gull og silfursmiður frá Bikaner, og Gopal Saini, leirlistamaður frá Jaipur. Þrjár íslenskar listakonur tóku þátt í verkefninu, þær Anna Gunnarsdóttir, Margrét Guðnadóttir og Margrét Jónsdóttir. Anna Gunnarsdóttir og Margrét Jónsdóttur starfa báðar á Akureyri en Margrét Guðnadóttir í Reykjavík. Þær eru allar þekktar af verkum sínum og hafa tekið þátt í fjölda sýninga hérlandis og erlendis. Þær eru með fjölbreytta listmenntun og hafa allar komið til Indlands. Það var að okkar mati mikilvægt að íslensku þátttakendurnir hefði ákveðið forskot og þekktu eitthvað til á Indlandi. Reynslan sem við fengum af þessu verkefni staðfesti að þetta var rétt mat.



Gopal Saini



Laxmi Narayan Soni

Þetta er fyrsta verkefnið sem stofnað er til eftir að Ísland og Indland undirrituðu áætlun um menningarsamstarf til þriggja ára í byrjun árs 2010. Menningaráætlun Íslands og Indlands tekur til samstarfs landanna á sviði menningarmála. Gert er ráð fyrir að efnt sé til samstarfsverkefna og

menningarkynninga með stuðningi stjórnvalda á Íslandi og Indlandi á þeim tíma sem áætlunin nær til eða til 2013 eftir því sem aðstæður leyfa.

Þetta verkefni gekk ágætlega en það er augljóslega mikill menningarmunur milli þessara landa. Þetta voru mjög þjálfaðir handverksmenn sem höfðu fengið mikla menntun á sínu sviði, nutu virðingar og höfðu fengið ýmsar viðurkenningar í sínu heimalandi. Gestirnir voru mjög ánægðir og þakklátir og voru öll samskipti við þá mjög jákvæð og þægileg. Íslensku þátttakendurnir eiga miklar þakkir skilið. Þær tók þetta starf mjög alvarlega og sinntu gestunum af mikilli alúð auk þess að skapa skemmtileg listaverk. Öll vinna íslensku listamanna var ólaunuð. Þessir listamenn gera þetta í þeirri vissu að verkefnið haldi áfram og að þær munu hafa tækifæri til að taka þátt í verkefni á Indlandi innan starfstíma verkefnisins. Það er því mikilvægt að mennta- og menningarráðuneytið fylgi málinu eftir og hvetji indversk stjórnvöld að skipuleggja heimsókn frá Íslandi t.d. í ársbyrjun 2013. Mikilvægt er að virkja íslenska sendiráðið í Dehli í þessu skyni þar sem indverska sendiráðið í Reykjavík hvatti mjög til þessa verkefnis hér á landi.

Ráðhús Reykjavíkur – kynning 2011

Þetta er í sjötta sinn sem HANDVERK OG HÖNNUN stendur fyrir umfangsmikilli kynningu á íslensku handverki, hönnun og listiðnaði í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þessar kynningar hafa staðið í fjóra daga og fara þannig fram að listafólkið sjálft er á staðnum til að kynna vörur sínar. Kynningin 2011 var haldin dagana 3.-7. nóv. í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þátttakendur voru 63. Fagleg valnefnd valdi þátttakendur úr stórum hópi umsækjenda. **(sjá meðfylgjandi bækling)**



Frá sýningunni í nóvember 2011

Sýningin var mjög vel heppnuð árið 2011 og gæði sýningarinnar jöfn og fjölbreytni mjög mikil. Aðsókn var mikil og fjölmíðlar sýndu sýningunni mikinn áhuga. Fjallað var um sýninguna í sjónvarpi, útvarpi og blöðum. Viðhorfakönnun var gerð hjá sýnendum og var mikil ánægja með sýninguna. **(sjá viðhorfakönnun á heimasíðu www.handverkoghonnun.is)**

HANDVERK OG HÖNNUN fékk styrk vegna sýningarinnar í Ráðhúsinu frá Reykjavíkurborg, Kraum ehf og Valitor. Samtök iðnaðarins styrktu Skúlaverðlaunin sem eru samkeppni um besta nýja hlutinn í Ráðhúsinu 2011 eins og undanfarin ár.

Skúlaverðlaunin 2011 - Verðlaun fyrir besta nýja hlutinn:

Efnt var til verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda í sýningunni. Tæplega fimmtíu tillögur bárust frá 30 aðilum. Þeir sem valdir voru til þátttöku í sýningunni í Ráðhúsinu gátu tilkynnt til HANDVERKS OG HÖNNUNAR nýja vöru í verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn. Hlutirnir þurftu að vera nýir og hafa hvorki verið til sölu eða sýnis opinberlega fyrir sýninguna í Ráðhúsinu. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem var frumkvöðull smáíðnaðar í Reykjavík.

Fagleg valnefnd sem Anna Leoniak arkitekt og vöruhönnuður og Ólöf Erla Bjarnadóttir leirlistamaður skipuðu valdi sigurvegara. Niðurstaðan er veita tvær viðurkenningar auk Skúlaverðlaunanna. Verðlaunin eru styrkt af Samtökum iðnaðarins og framkvæmdastjóri samtakanna Orri Hauksson afhenti verðlaunin.

Hönnunarteymið **Stáss design** skipað þeim Árnýju Þórarinsdóttur og Helgu Guðrúnu Vilmundardóttur hlaut Skúlaverðlaunin 2011 fyrir „Torfbæinn“ . „Torfbærinn“ er hitaplatti sem hægt er að nota á marga vegu.

Þar að auki voru veittar tvær viðurkenningar, **Sigrún Ólöf Einarsdóttir** glerlistakona í Bergvík fékk viðurkenningu fyrir glermortél og **Guðbjörg Káradóttir** fyrir Gull, reykelsi og myrru, sem eru hálfkúlur úr leir sem notaðar eru til skrauts.



Skúlaverðlaunahafarnir í Stáss design ásamt Sigrúnu Ó. Einarsdóttur og Guðbjörgu Káradóttur sem hlutu viðurkenningu

Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR

Heimasíðan: www.handverkoghonnun.is er í stöðugri þróun. Á heimasíðunni eru mjög fjölbreyttar upplýsingar og umfangsmikið myndefni. Virk vefmæling hefur verið gerð á síðunni í nokkur ár og umferð á síðuna er mikil. Rúmlega ellefuhundruð eru skráðir á póstlista heimasíðunnar og fá reglulega fréttir 4-7 sinnum í mánuði. Reynt er að kynna alla viðburði sem tengjast þessu sviði í fréttabréfunum, s.s. sýningar, fyrirlestra, námskeið og ýmislegt annað.

Verkefni og viðburðir á vegum HANDVERKS OG HÖNNUNAR og eru kynntir sérstaklega á heimasíðunni á mjög myndrænan hátt. Í gagnabanka eru kynntir einstaklingar sem stunda handverk, listiðnað og hönnun. Listamaður mánaðarins er kynntur sérstaklega á forsiðu. Allir sem valdir hafa verið á sýningar/kynningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafa rétt á skráningu í gagnagrunninn, aðrir verða sækja um það sérstaklega og valnefnd metur þær umsóknir.

HANDVERK OG HÖNNUN safnar kerfisbundið upplýsingum um nám og námskeið í handverki, hönnun og listiðnaði. Á heimasíðunni eru umfangsmiklar upplýsingar um styrki, skóla, nám og ýmsa viðburði sem tengjast þessum málaflokki, hérlendis og erlendis. Heimasíðan er á íslensku og ensku og er starfseminni mjög mikilvæg.

Bók um handverk og hönnun á Íslandi

HANDVERK OG HÖNNUN hefur gefið út bækur um handverk, hönnun og listiðnað á Íslandi þrisvar sinnum þ.e. 2006, 2008, og 2010. Markmiðið með útgáfunni er milliliðalaus kynning á einstaklingum sem starfa á þessu sviði á Íslandi. Allar bækurnar eru vistaðar á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Fagleg valnefnd fer yfir umsóknir og velur þátttakendur og er bókin prentuð í 5000 þúsund eintökum. Bókinni er dreift endurgjaldslaust í öll almennings- og skólabókasöfn á landinu, allar ríkisstofnanir, mörg fyrirtæki, öll sveitarfélög, stéttarfélög, til ferðaþjónustuaðila, í sendiráð bæði íslensk og erlend og margir fleiri hafa fengið bókina til varðveislu. Allir einstaklingar sem vinna við handverk, hönnun og listiðnað, og eru með vörur í sölu allt árið annað hvort á vinnustofu eða öðrum sölustað/stöðum, geta sótt um skráningu í bókinni.

Áætlað er að gefa út bók að nýju 2012.

Erlent samstarf

Vegna þröngrar fjárhagsstöðu gat framkvæmdastjóri HANDVERKS OG HÖNNUNAR ekki tekið þátt í fundarhöldum með forstöðumönnum sambærilegra stofnana hinum norðurlöndunum í Helsinki í lok september. Ekki var heldur mögulegt að heimsækja sýninguna ORIGIN í London sem er mjög mikilvægt að sækja til þess að fylgjast með hvað er að gerast best í heimi handverks og listiðnaðar.

- HANDVERK OG HÖNNUN sér um að tilnefna fulltrúa Íslands til þátttöku í **EUROPEAN Glass CONTEXT 2012**. Undirbúningur að tilnefningu 2012 hófst í árslok 2011. European Glass Context 2012 er tvær stórar listsýningar, ráðstefna, námskeið (master class), og nemenda vinnustofa (student workshop) sem haldin verður á Bornholm 2012. Verkefnið er mjög umfangsmikið og er styrkt af fjölmörgum dönskum sjóðum. Þetta er í fjórða sinn sem stór alþjóðleg sýning er sett upp á Bornholm. Það var leirlistasýning 2006, 2010 og glerlistasýning 2008 og 2012. Framkvæmdastjóri HANDVERKS OG HÖNNUNAR, Sunneva Hafsteinsdóttir hefur verið útnefnd sem "National commissioner" Íslands af sýningarhöldurum í Danmörku í verkefnið öll árin. Sýningarnar á Bornholm voru metnaðarfullar sýningar, annars vegar sýning listamanna sem hafa skapað sér nafn og hins vegar sýning ungra og upprennandi listamanna sem eru yngri en 35 ára. Þáttökulöndin eru 27 sem eru öll í Evrópusambandinu og þar að auki Ísland, Sviss og Noregur. Fulltrúi hvers lands tilnefnir þá listamenn sem þykja framúrskarandi á hverjum tíma. Sérstök valnefnd í Danmörku fer yfir tilnefningarnar og velur að minnsta kosti einn listamann og í mesta lagi tvo frá hverju landi.

Saga leirlistar/glerlistar á Íslandi er mjög stutt og mjög mikilvægt fyrir íslenskt leir- og glerlistafólk að taka þátt í erlendu samstarfi af þessu tagi. Stór sýningarskrá var gefin út í tengslum við sýninguna þar sem allir þátttakendur eru kynntir vandlega. Þessi sýningarskrá fær mikla dreifingu og er mjög mikilvæg heimild um evrópska leirlist/glerlist í upphafi 21. aldarinnar.

Ferða- og verkefnasjóður

HANDVERK OG HÖNNUN hefur styrkt starfandi handverks- og listiðnaðarfólk til að afla sér þekkingar í greininni, hérlendis eða erlendis. Hugmyndin er að koma til móts við einstaklinga vegna náms og/eða ferðakostnaðar. Styrkjum hefur ekki verið úthlutað frá árinu 2009 vegna slæmrar fjárhagsstöðu.

Kynningarstarf

Ákveðið var að gefa út upplýsingabækling á ensku til kynningar á íslensku handverki, hönnun og listiðnaði í annað sinn. Í bæklingum voru 88 einstaklingar kynntir með mynd af verki og heimasíðu eða netfangi. Bæklingum var dreift á upplýsingarmiðstöðvar, hótél og fleiri staði um allt land. Bæklingurinn var prentaður í 10.000 eintökum. Bæklingurinn er á heimasíðu **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** og þar er hægt að nálgast nánari upplýsingar um þátttakendur. (sjá meðfylgjandi bækling)

Helstu áætluðu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2012:

- Fréttabréf – 5-7 fréttabréf á mánuði til rúmlega 1100 aðila.
- Ráðgjöf og fyrirlestrar.
- Þjónusta við gerð kynningaefnis.
- Sýningar á skörinni, 9 sýningar. 22. mars – 18. apríl Hönnunarmars / Kristín Sigfríður Garðarsdóttir og Pekka Tapio Pyykonen, List án landamæra, Ingunn Þráinsdóttir, Unnur G. Óttarsdóttir, Unnur Gröndal, Kristín Þóra Guðbjartsdóttir, Sigurborg Jóhannsdóttir, Eggert Már Marinósson, Oddný Magnúsdóttir.
- Sýning í Kringlunni á Hönnunarmars 22.03 – 4.04 2012. Kynning á þeim sem hafa fengið Skúlaverðlaunin og viðurkenningar 2008 – 2011
- Bók HANDVERK OG HÖNNUN 2012

- **Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, 3. - 7. maí 2012.**
- **Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, 1. - 5. nóvember 2012.**
- Jólasýning 2012? Vegna skorts á fjármagni þá var ekki haldin jólasýning 2011 og það verður skoðað þegar líður á árið hvort möguleiki er á verkefni af þessu tagi á árinu 2012.
- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR viðhald og endurbætur.
- Ýmis samvinnuverkefni t.d. Menningarráð Suðurnesja - Menning á Suðurnesjum
- Bornholm 2012- glerlistasýning. HANDVERK OG HÖNNUN sér um þátttöku Íslendinga í þessu verkefni.

Lokaorð

HANDVERK OG HÖNNUN hefur starfað frá 1994, fyrst sem verkefni á vegum stjórnvalda og síðan sem sjálfseignarstofnun frá ársbyrjun 2007. Stofnunin hefur skilað miklum árangri og hefur í raun verið ígildi **þróunarseturs** í handverki og listiðnaði á landsvísu. Það mat er stutt á afdráttarlausan hátt af óháðum aðila í skýrslu um HANDVERK OG HÖNNUN frá 2008 (sjá heimasíðu www.handverkoghonnun.is) og í viðhorfakönnun sem gerð var í janúar 2011. (sjá fylgiskjal 1)

Hér er ef til vill gott að rifja upp gamla skýrslu sem Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun gerði 1998. Hann var formaður nefndar sem fengin var til að skoða starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR sem var tilraunaverkefni og gera tillögur til stjórnvalda um framtíðarskipan í þessum málaflokki. Niðurstaða þeirrar nefndar var m.a. , að of mikill tími starfsfólks hjá HANDVERKI OG HÖNNUN færi í vinnu við öflun styrkja. Staðan núna er orðin sú sama. Allt of mikill tími fer í umsóknir, bréfaskriftir og fundarhöld vegna styrkumsókna og uppskeran mjög rýr.

Framlag ríkisins 2011 dugar ekki fyrir launum og launatengdum gjöldum né öðrum föstu kostnaði. Reksturinn er því í miklum vanda. Framlag stjórnvalda til starfseminnar hefur lækkað um 35% frá 2008. Samkvæmt ársreikningi 2011 er nánast allt eigið fá stofnunarinnar uppurið, það hefur verið notað til að mæta taprekstri á síðustu tveimur árum.

Ánægjuleg þáttaskil urðu þó í rekstri sjálfeignarstofnunarinnar í lok árs 2011 þegar skrifað var undir samning til þriggja ára við mennta- og menningarmálaráðuneytið, en með honum er fjárframlag til starfseminnar tryggt næstu þrjú árin. Þetta er mjög mikilvægur áfangi, þar sem HANDVERK OG HÖNNUN hefur árlega þurft að búa við mikið óöryggi varðandi fjárframlög frá 2007. Því miður er framlagið árið 2012 það lágt, að það dugar ekki fyrir föstum kostnaði miðað við óbreytta starfsemi. Grípa verður til róttækra ráðstafanna á árinu 2012 ef að viðbótarstyrkir fást ekki.

Reykjavík, 28. mars 2012

Sunneva Hafsteinsdóttir
framkvæmdastjóri
HANDVERKS OG HÖNNUNAR